

Ingimar Eydal Jónatansson (1873-1959), kennari og ritstjóri á Akureyri

Afhending 2021/10

Ingimar Eydal Jónatansson fæddist 7. apríl 1873 og lést 28. desember 1959. Foreldrar Ingimars voru Jónatan Jónsson f. 7. febrúar 1833, d. 7. janúar 1904, bóndi í Flöguseli í Hörgárdal og síðar í Hólakoti í Saurbæjarhreppi og Sigríður Jóhannesdóttir f. 13. febrúar 1833, d. 30. nóvember 1905, húsfreyja.

Ingimar útskrifaðist sem gagnfræðingur frá Möðruvöllum árið 1895. Hann fékk inngöngu í lýðháskólann Askov í Danmörku 1905-1906, einnig tók hann kennaranámskeið sumarið 1906. Hann hafði engu að síður stundað kennslu allt frá útskrift sem gagnfræðingur og tók hana aftur upp við heimkomuna frá Danmörku.

Ingimar og Magnús Sigurðsson bóndi og kaupmaður á Grund reyndu að stofna lýðskóla fyrir hreppana í framsveitum Eyjafjarðar. Skólinn var þó aldrei formlega stofnaður en þar fór fram skólastarf á árunum 1906-1908 á Grund. Ingimar leiddi kennsluna og kenndi 12 nemendum.

Haustið 1908 varð Ingimar kennari við Barnaskóla Akureyrar og gegndi þeirri stöðu til 1938.

Ingimar var ritstjóri Íslendinga 1915-1917 og ritstjóri Dags 1918-1920 og aftur 1927-1945.

Hann sat í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga samfleytt í 34 ár, frá 1917-1951, lengst af sem varaformaður stjórnar. Hann var bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins samfleytt í 17 ár lengst af sem forseti bæjarstjórnar.

Ingimar var sæmdur Fálkaorðunni árið 1937.

Ingimar kvæntist Guðfinnu Jónsdóttur f. 17. september 1881, d. 23. september 1956m árið 1907.

Afhendingin barst frá Ástu Sigurðardóttir tengdadóttur sonar Ingimars. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

24. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Ingimar Eydal Jónatansson

A-Ingimar Eydal Jónatansson

A	1	1	1947 - 1947	Viðurkenning sem útnefnir Ingimar Eydal heiðursfélaga í Leikfélagi Akureyrar.
---	---	---	-------------	---